

SKÓLAÞJÓNUSTA NORÐURÞINGS

ÁRSSKÝRSLA 2024-25 OG STARFSÁÆTLUN 2025-26



Norðurþing

INGIBJÖRG
SIGURJÓNSDÓTTIR
YFIRSÁLFRÆÐINGUR



Skólaárið 2024–25 einkenndist af breytingum og þróun. Við lærðum margvísleg og höldum áfram að leita leiða til að bæta þjónustuna og gera hana skilvirkari. Í starfsmannahaldi skólaþjónustu urðu nokkrar breytingar. Arna Ásgeirsdóttir, kennsluráðgjafi, lét af störfum og tók við sem verkefnastjóri stoðþjónustu í Borgarhólsskóla. Í kjölfarið tók Berglind Júlíusdóttir, talmeinafræðingur, við verkefnum Örnú og jók við sig starfshlutfall. Einnig var gengið til samninga við Berglindi um verktöku í greiningarmálum talmeinafræðings, með það að markmiði að skapa samlegðaráhrif – þar sem hún myndi sinna greiningum í verktöku og veita ráðgjöf í framhaldi innan síns fastráðna starfs sem kennsluráðgjafi. Ingibjörg Sigurjónsdóttir, yfirsálfræðingur, er áfram eini fastráðni sálfræðingur Skólaþjónustu Norðurlands (SN). Gerður var verktakasamningur við Heilsu- og sálfræðiþjónustuna á Akureyri, sem veitir aðgang að öllum starfsmönnum stofunnar. Í reynd voru það einum Elín Karlsdóttir, sálfræðingur, og Elín Dröfn Þorvaldsdóttir, atferlisráðgjafi, sem unnu með okkur. Þess má geta að sálfræðingar stofunnar starfa einnig hjá geðheilsuteymi barna á HSN, sem skapar samfélag í þjónustu við fjölskyldur – þar sem sömu aðilar hafa sinnt þeim bæði hjá SN og HSN.

Kristín Heimisdóttir, sálfræðingur, hefur áfram sinnt þjónustu við leik- og grunnskóla á Þórshöfn, Raufarhöfn og í Öxarfjarðarskóla. Um áramót urðu einnig tímamót þegar þjónusta SN við Reykahlíðarskóla og Leikskólann Yl lagðist af, í kjölfar sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Nýtt sveitarfélag tók þá alfarið yfir skólaþjónustuna. Í ársskýrslunni verður farið yfir starf vetrarins, fjölda og samsetningu tilvísana og þær bornar saman við fyrri ár. Í starfsáætlun næsta skólaárs verða settar fram áherslur í takt við lagaumhverfi og opinberar stefnur eins og þær liggja fyrir nú.

FORMÁLI



STARFSSVÆÐI



Skólaþjónustan hefur þjónustað eftirfarandi skóla í vetur:

Leikskólinn Yl og Reykjavíðarskóla (að áramótum).

Borgarhólsskóla

Leikskólinn Grænuvelli

Öxarfjarðarskóla

Leikskólinn Lundarkot

Grunnskólinn á Raufarhöfn

Grunnskólinn á Þórshöfn

Leikskólinn Barnaból



Fast starfsfólk Skólapijónusta Norðurljóss í
vetur var:

- Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur í
80% stöðu.
- Berglind Júlíusdóttir kennsluráðgjafi í
80% stöðu.

Auk þess voru eftirtaldir verktakar með
samning um þjónustu:

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur
Berglind Júlíusdóttir talmeinafræðingur
Heilsu- og sálfræðiþjónustan á Akureyri

Starfshlutföll fastráðinna starfsmanna SN fóru
því úr 2 stöðugildum í 1,6 á síðasta skólaári. Til
samanburðar má nefna að stöðugildin voru 2,3
skólaárið 2022-23. Á móti hefur
verktakavinna aukist.

Samningur við Ásgarð var áfram í gildi. Helstu
verkefni þar tengdust innra mati skóla og
umbótaáætlunum í kjölfar þess. Það er
ákaflega mikilvægt að þetta sé sívirkt ferli sem
tekur mið af gæðaviðmiðum sveitarfélagsins.

STARFSFÓLK OG
VERKTAKAR

VERKFERLAR OG FJÖLBREYTT ÞJÓNUSTA

Á skólaárinu var fylgt ákveðnu verklagi varðandi tilvísanir til sálfræðinga.

Yfirsálfræðingur tók við öllum tilvísunum og úthlutaði þeim til verktaka eftir þörfum. Í málum austan Húsavíkur sá verktaki alfarið um alla vinnslu málsins.

Tilvísanir frá Borgarhólsskóla voru unnar með þeim hætti að yfirsálfræðingur safnaði upplýsingum, greindi skimunarlista og lagði mat á hvort þörf væri á frekari vinnslu. Ef þroskamat var nauðsynlegt sáu sálfræðingar Heilsu- og sálfræðiþjónustunnar um fyrirlögn, skiluðu skýrslu og héldu skilafund.

Yfirsálfræðingur sat flesta skilafundi til að tryggja viðeigandi eftirfylgd. Ef tilvísun á þriðja stig var nauðsynleg, tók yfirsálfræðingur saman gögn og sá um að koma þeim áfram.

Viðtöl við nemendur, ráðgjöf og greiningarmál í leikskólanum Grænuvöllum voru einnig í höndum yfirsálfræðings.

Frá áramótum voru samráðsfundir skólaþjónustu sameinaðir með 2. stigs farsældarþjónustu, sem styrkir samfellu í þjónustu við börn. Auk þess voru reglulegir fundir haldnir með verkefnastjóra stoðþjónustu í Borgarhólsskóla, þar sem unnið hefur verið markvisst að því að efla fyrsta stigs þjónustu og innri skólaþjónustu. Einnig voru fundir með skólastjórnendum og sérkennslustjórum í öðrum skólum en þeir fundir voru haldnir eftir þörfum.

Skólaþjónustan gegnir lykilhlutverki í snemmtækri íhlutun og þarf að bregðast við þörfum nemenda – en til þess þarf fyrst að meta hverjar þær þarfir eru. Í því skyni var ákveðið að sálfræðingar skólaþjónustu gætu átt samtöl við nemendur til að leggja mat á líðan þeirra og þörf fyrir frekari íhlutun, hvort sem hún væri innan skólans eða utan. Í þessum tilgangi voru lagðir fyrir skimunarlistar og hverjum nemanda veitt 1–3 viðtöl. Þetta fyrirkomulag var vel nýtt og fékk góðar undirtektir frá bæði foreldrum og kennurum. Einnig var ákveðið að talmeinafræðingur skólaþjónustu gæti veitt afmarkaða talþjálfun innan skólanna. Um var að ræða vikulega þjálfun í sex vikur, og að henni lokinni var veitt ráðgjöf um áframhaldandi þjónustu – bæði innan skólastofunnar og utan. Þetta var gert í tilraunaskyni sem hluti af snemmtækri íhlutun. Heilsu- og sálfræðiþjónustan á Akureyri hefur aðgang að fjölbreyttum hópi fagaðila. Þar á meðal er atferlisráðgjafinn Elín Dröfn Þorvaldsdóttir, sem sinnti þremur málum í vetur og veitti ráðgjöf í öðrum málum eftir þörfum. Þó atferlisráðgjafar hafi áður komið að einstökum málum, er þetta í fyrsta sinn sem SN hefur haft reglubundinn aðgang að slíkum fagaðila.

Mjög vel tókst að stytta biðtíma í vetur og má segja að hann sé í styttra lagi samanborið við þjónustu annarsstaðar. Biðin eftir greiningum er sjaldan meiri en 6 mánuðir, en það fer aðeins eftir því hvenær á skólárinu tilvísanir berast. Biðin eftir ráðgjöf er mjög stutt, talin í vikum í mesta lagi.

Í vetur hafa því verið stigin skref sem gera starfsemina fjölbreyttari – og vonandi betri í leiðinni.

FRUMVARP TIL LAGA UM INNGILDANDI MENNTUN

Í ársskýrslu síðasta árs var fjallað um frumvarp til laga um inngildandi menntun. Til upprifjunar má nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir þrískiptingu skólaþjónustu:


- **Innri skólaþjónusta** – stuðningur sem veittur er innan skóla,
- **Ytri skólaþjónusta** – sérfræðingar á vegum skólaþjónustu sveitarfélaga,
- **Landsstuðningur** – þjónusta á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Því miður hefur frumvarpið ekki verið tekið til umræðu á Alþingi í kjölfar kosninga og stjórnaarskipta. Það er miður, þar sem mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning þess, með víðtæku samráði við hagsmunaaðila um allt land.

Á vörþingi Grunns – félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa – var frumvarpið til umfjöllunar. Fundarmenn voru samróma í þeirri skoðun að mikilvægt væri að frumvarpið yrði afgreitt frá Alþingi. Skýr lagalegur rammi um starfsemi skólaþjónustu sveitarfélaga er nauðsynlegur og ætti að vera í samræmi við önnur lög, sérstaklega farsældarlögin. Þrepaskiptur stuðningur í skólum og í þjónustu samkvæmt farsældarlögum er nú að festa sig í sessi í hugsun og verklagi fagfólks. Það er því mikilvægt að lagalegt umhverfi endurspegli þær stefnur sem settar hafa verið, meðal annars í Menntastefnu til 2030.



Tilvísunarástæða - sálfræðingar



TILVÍSANIR TIL SÁLFRÆÐINGA - GREININGAR

31

Vegna 9 stúlkna, 21 drengs og eins hóps.

2018/19 - 48 tilvísanir

2019/20 - 70 tilvísanir

2020/21 - 70 tilvísanir

2022/22 - 61 tilvísun

2022/24-20 tilvísanir

14 nemendur fengu viðtöl í Borgarhólsskóla. og 3 í Öxarfjarðarskóla. Alls 48 mál að þessum viðtölum meðtöldum.

Tilvísunum til sálfræðinga hefur fjölgað frá fyrra ári, þó þær séu enn færri en þær voru á undanförunum árum. Algengasta ástæða tilvísana er ADHD, og ef við teljum með þau mál þar sem bæði ADHD og einhverfa voru skoðuð, þá mynda þau nær þrjá fjórðu allra tilvísana.

Af alls 31 tilvísun fóru 18 mál áfram í frekari greiningu hjá þriðja stigs stofnunum eins og Geðheilsumiðstöð barna og Ráðgjafar- og greiningarstöð. Auk þess var ákveðið að óska eftir málproskamati í tveimur málum eftir frumgreiningu hjá sálfræðingi. Eitt mál hefur ekki verið tekið upp enn, og í þremur málum verður safnað frekari upplýsingum nú í haust. Af þeim 27 málum sem lokið var við má segja að um 67% hafi endað með tilvísun áfram á þriðja stig. Það bendir til þess að vel hafi tekist að vinna á fyrsta stigi þjónustunnar, þar sem fá mál voru send áfram án þess að grunur væri staðfestur.

KENNSLURÁÐGJÖF

Allflest verkefni kennsluráðgjafa snerust um að aðstoða kennara við að finna námsefni við hæfi fyrir nemendur. Ein formleg tilvísun barst þar sem óskað var eftir ráðgjöf vegna málproskavanda hóps nemenda í grunnskóla.

2022/23 - 21 tilvísun
2023/24 - 24 tilvísanir

8 tilvísanir vegna lesgreininga.


Tölur milli ára eru ekki beint samanburðarhæfar þar sem hlutverk kennsluráðgjafa hefur breyst. Hingað til hefur ástæða tilvísana til kennsluráðgjafa nær alltaf verið lesgreining. Þegar Arna Ásgeirsdóttir færðist frá skólaþjónustu yfir í Borgarhólsskóla breyttist verklagið þannig að allar lesgreiningar voru framvegis unnar innan skólans og því ekki lengur sendar til skólaþjónustu. Frá þeim skólum sem ekki hafa aðgang að sérfræðingum með réttindi til að leggja prófin fyrir bærust samtals 8 tilvísanir vegna lesgreininga. Þeim verkefnum sinnti Sólveig Mikaelisdóttir í verktöku.

ATFERLISRÁÐGJÖF

3 FORMLEGAR TILVÍSANIR

Sem fyrr segir stendur okkur nú til boða þjónusta atferlISRÁÐGJafa í gegnum samning okkar við Heilsu- og sálfræðiþjónustuna. Þrjár formlegar tilvísanir bárust um þjónustu hennar en einnig var hún til ráðgjafar í opnum málum ásamt því að halda utan um allar þær tilvísanir sem bárust Heilsu- og sálfræðiþjónustunni frá SN.

Tilvísunarástæða- talmeinafræðingur.




TILVÍSANIR TIL TALMEINA- FRÆÐINGS

50

Vegna 16 stúlkna og 33 drengja
2018/19 - 23 tilvísanir
2019/20 - 19 tilvísanir
2020/21 - 39 tilvísanir
2023/24 - 24 tilvísanir

28 börn fengu þjálfun, 6 skipti fyrir
hvert grunnskólabarn en misjafnt
hversu marga tíma
leikskólanemendur fengu.

Töluverð fjölgun var á tilvísunum til talmeinafræðings. Líklegt er að þetta megi rekja til þess að talmeinafræðingur SN er einnig í starfi sem kennsluráðgjafi SN og því skilar viðvera hennar í skólunum því að hún kemur auga á þau börn sem þyrftu að komast í mat. Athygli vekur að af þessum tilvísunum skiluðu 32 mál niðurstöðum sem féllu undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands og 4 mál falla undir þau viðmið að sveitarfélagið beri ábyrgð á þjálfun. Eitt mál var þjálfunarmál frá fyrra ári sem féll undir viðmið sveitarfélaga, eitt mál varð ráðgjafarmál fremur en greiningarmál og eitt mál er ekki hafið. Í 12 málum voru niðurstöður á þá lund að ekki þótti ástæða til frekari inngripa, féllu hvorku undir viðmið SÍ né sveitarfélags.



ÖNNUR VERKEFNI

Ýmsum verkefnum var sinnt án tilvísunar og má þar nefna:

Seta í nemendaverndarráðum skóla.

Fundir með Ásgarði og skólastjórnendum um gæðaviðmið, innra mat og umbætur.

Reglulegir fundir með þeim sem halda utan um stoðþjónustu skólanna.

Sálfræðingur sinnti ýmiskonar ráðgjöf til kennara og foreldra án tilvísunar. Má þar nefna ráðgjöf vegna hegðunarvanda, gruns um frávik í þroska, kvíðavanda o.fl. Í sumum tilfellum leiddi slík ráðgjöf til frekari vinnslu mála með tilvísun.

Kennsluráðgjafi sinnti ýmiskonar ráðgjöf við kennara. Má þar nefna ráðgjöf varðandi viðeigandi námsefni fyrir nemendur, ráðgjöf vegna málþroskavanda og ráðgjöf vegna tvítyngdra barna í ÍSAT kennslu.

Sem fyrr segir voru sameiginlegir samráðsfundir með farsældarþjónustu frá og með áramótum.



Starfsfólk skólaþjónustu sótti ýmis námskeið síðastliðið skólaár.

Berglind talmeinafræðingur sótti árlega ráðstefnu félags talmeinafræðinga í Danmörku. Sem kennsluráðgjafi sótti hún aðalfund félags kennsluráðgjafa í vor.

Ingibjörg yfirsálfræðingur sótti haustþing Fagdeildar sálfræðinga við skóla, ráðstefnu BUGL í janúar og vorráðstefnu Grunns ásamt fræðslustjóra. Sömuleiðis sat hún ráðstefnu um heilsueflandi grunnskóla. Einnig sat hún örnámskeið á vegum EHÍ um fyrstu skrefin í verkefnastjórnun.

SÍMENNTUN STARFSFÓLKS SN



STARFSFÓLK 2025-26

Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur, 80% staða. Ingibjörg skipuleggur daglega starfsemi og faglegt starf skólalþjónustunnar í samvinnu við skólastjórnendur og fagfólk skóla. Hún sinnir greiningum, ráðgjöf og hefur samskipti við þær þriðja stigs stofnanir sem taka við tilvísunum frá skólalþjónustu. Einnig sér hún um að deila út verkefnum til annarra sérfræðinga sem starfa fyrir skólalþjónustuna.

Berglind Júlíusdóttir kennsluráðgjafi 80% staða. Berglind mun einnig sinna greiningum talmeinafræðings í verktöku.

Verktakar:

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur

Sérfræðingar Heilsu- og sálfræðiþjónustunnar

Jón Höskuldsson fræðslufulltrúi veitir sviðinu forystu.

STARFSÁÆTLUN

2025-26



Verkferlar hafa að mestu leyti verið skýrðir í takt við áherslur á þrepaskiptan stuðning við nemendur, og sú vinna heldur áfram – alltaf má gera betur. Mikilvægt er að verklag innan skólanna sé skýrt, þannig að þegar kemur að tilvísun til skólaþjónustu sé ljóst að öll úrræði innan skólans hafi verið fullreynd.

Í tengslum við þetta verður unnið að nýjum tilvísanaeyðublöðum og gátlistum sem kynntir verða nú á haustdögum.

Auðvitað eru til nemendur sem sýna svo skýr einkenni vanda að það kallar á beina tilvísun strax. En það er líka alltaf vel séð – og í raun hvatt til – að skólaþjónustan sé nýtt á fyrri stigum málsins. Það getur verið í formi stuttra ráðgjafarviðtala eða reglulegrar ráðgjafar sem fer fram samkvæmt tilvísun.

Með virkum samskiptum og ráðgjöf verður auðveldara að koma málum í rétt ferli og tryggja að stuðningur sé veittur á viðeigandi stigi.

BÆTTIR VERKFERLAR Í SAMVINNU VIÐ SKÓLA



VIÐVERA Í SKÓLUM OG FERÐIR

Stefnt er að mánaðarlegri viðveru í skólum austan Húsavíkur. Að einhverju leyti munu ferðir SN haldast í hendur við ferðir starfsmanna í farsældarþjónustu.

Kristín Heimisdóttir mun áfram sinna sálfræðiþjónustu í leikskólanum Barnabóli og Grunnskólanum á Þórshöfn. Ingibjörg Sigurjónsdóttir mun hinsvegar taka við sálfræðiþjónustu í Öxarfjarðarskóla (leikskóladeild og grunnskóla) og Grunnskóla Raufarhafnar ásamt Borgarhólsskóla og leikskólanum Grænuvöllum. Sálfræðiþjónustan í þeim skólum verður samstarfsverkefni Ingibjargar og verktaka.

Viðvera í Borgarhólsskóla og leikskólanum Grænuvöllum verður samkvæmt samkomulagi og verkefnastöðu.

Komur verktaka í skólana eru samkvæmt tilvísunum, samkomulagi við yfirsálfræðing og skólastjórnendur.

Á meðan svigrúm gefst verður áfram boðið upp á viðtöl sálfræðings og talþjálfun - í mjög afmörkuðum tilfellum þar sem forsendur uppfylla ákveðin skilyrði skólaþjónustu og samkvæmt forgangs röðun skóla. Tilgangur viðtala verður að leggja mat á líðan og gera í kjölfarið tillögur um úrræði. Tilgangur talþjálfunar verður snemmtæk íhlutun og ráðgjöf við kennara og foreldra í kjölfarið um úrræði sem stutt geta við nám og þroska barnsins.



Hlutverk ytri skólaþjónustu

Í frumvarpi til laga um inngildandi menntun er skólaþjónusta skipt í þrennt. Innri skólaþjónusta sem er allt innra stoðkerfi skóla, ytri skólaþjónusta sem er þjónusta á vegum sveitarfélags og landsstuðningur sem er ætlað að styðja við skóla í sérstaklega flóknum málum eða veita afmarkaða þjónustu til þeirra sveitarfélaga sem ekki geta veitt skólaþjónustu.

Í frumvarpinu er hlutverk ytri skólaþjónustu skilgreint svona:

Ytri skólaþjónusta.

Ytri skólaþjónusta er ytra stoðkerfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs. Hún er veitt á vettvangi skóla og frístundastarfs í samstarfi við starfsfólk þeirra eftir því sem við á.

Ytri skólaþjónusta í leik- og grunnskólum og frístundastarfi er á ábyrgð sveitarfélaga og skipulögð fyrir ákveðin sveitarfélög eða svæði. Ytri skólaþjónusta getur verið rekin sameiginlega þvert á skólastig og frístundastarf ef við á. Ytri skólaþjónusta framhaldsskóla er á ábyrgð Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Verkefni ytri skólaþjónustu eru m.a. eftirfarandi:

1. Veita kennurum, skólastjórnendum og öðru starfsfólki skóla- og frístundastarfs ráðgjöf, stuðning og leiðsögn, m.a. vegna kennslu- og starfshátta í inngildandi skóla- og frístundastarfi, nýbreytni og umbóta í skólastarfi, starfsþróunar og annarrar starfstengdrar leiðsagnar, og samstarfs heimila og skóla.
2. Veita kennurum og starfsfólki skóla ráðgjöf, leiðsögn og handleiðslu vegna fjölbreyttra þarfa barna og ungmenna.
3. Veita börnum og ungmönnum, og/eða foreldrum þeirra, fræðslu, ráðgjöf og stuðning svo sem vegna náms, þroska, félagsstengsla, stuðningsþarfa og samskipta við leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarf og innri skólaþjónustu.
4. Leggja mat á þætti sem hafa áhrif á nám, líðan og velferð barna eða ungmenna í skóla- og frístundastarfi, svo sem er varðar einstaklingsbundna þætti og aðstæður í skóla- og frístundastarfi.

Ytri skólaþjónusta hefur náð samstarf við innri skólaþjónustu varðandi nám og kennslu, mat, úrræði og stuðning við börn, ungmenni og starfsfólk skóla- og frístundastarfs, og tekur þátt í þverfaglegri samvinnu vegna þjónustu við inngildandi menntun.

Ytri skólaþjónusta skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd og inntak ytri skólaþjónustu á hverju skólastigi, verkefni, samræmingu og næga fagþekkingu.

Þessi lýsing gefur góða mynd af því að meginhlutverk ytri skólaþjónustu er að veita ráðgjöf, leiðsögn og handleiðslu. Skólaþjónusta Norðurlþings hefur lengi haft það að markmiði að styrkja þessa þætti í starfinu. Hver skóli er þó einstakur og því þarf að finna leiðir í samvinnu við hvern og einn um hvernig best sé að útfæra þetta í praksís.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig hægt sé að sinna þessum hluta skólaþjónustunnar:

1. **Reglulegir fundir með teyðum**, þar sem dagskrá er ákveðin fyrirfram í samráði við teymið og allir mæta vel undirbúnir.
2. **Tilvísanir vegna ráðgjafar eða handleiðslu**, þegar upp kemur ákveðinn vandi í nemendahópi.
3. **Beiðnir um þátttöku sérfræðinga SN í þjónustuteyðum barna.**
4. **Fyrirlestrar og fræðsla fyrir kennara og starfsfólk**, sem síðan eru fylgt eftir með teymisfundum.

Innra mat skóla er mikilvægt verkfæri til að greina hvar þörf er á úrbótum í skólastarfi, með gæðaviðmið og hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Skólaþjónustan á því eðlilegan þátt í að styðja við úrbætur – hvort sem það er í formi ráðgjafar, aðstoðar við framkvæmd eða fræðslu.

Það er óumdeilt að ytri skólaþjónusta á að vera stuðningur við skólastarfið. Í innra mati koma fram þau svið þar sem mest þörf er á umbótum og þar getur SN veitt mikilvægan stuðning.

Áfram verður lögð áhersla á að nýta gögn í skólastarfi – t.d. skimanir, matsferla, greiningar og námsmat – sem grundvöll í allri vinnu með nemendum og hópum. SN mun styðja kennara í að greina og nýta þessi gögn til að bæta kennslu og veita nemendum betri aðstoð.

Starfsfólk Skólaþjónustu Norðurlþings hlakkar til samstarfsins í vetur. Hikið ekki við að hafa samband við okkur þegar spurningar vakna.

Ingibjörg sálfræðingur: ingibjorg@nordurthing.is

Berglind kennsluráðgjafi: berglindj@nordurthing.is

